



FRÆDSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 02.06.21, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Hafdís Ásgeirsdóttir, Inga Rós Sævarsdóttir, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir og Kolbrún Á. Guðnadóttir.

Fulltrúar grunnskóla: Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri, Erna Berglind Hreinsdóttir og Guðni Már Lýðsson.

Fulltrúar leikskóla: Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Ástrós Villa Vilhelmsdóttir fulltrúi foreldra.

Aðrir: Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál

a. Samantekt úr ársreikningi 2020.

Sveitastjóri fór yfir samantekt á ársreikningi og útskýrir helstu frávik við áætlun.

2. Grunnskólinn

a. Skýrsla skólastjóra

Skólastjóri flutti skýrslu um skólastarfið, farið yfir hvernig veturinn hefur gengið, starfsmannamál og breytingar á skólastarfi. 78 nemendur í upphafi skólaárs, en 79 í lok skólaárs. Öllu helsta frestað í vetur vegna Covid. 10. Bekkur náði að fara í vorferðalag og Höfðaskóli fékk afhentan Grænfána. Starfmannafjöldi svipaður næsta ár. Enginn nýr starfsmaður að koma inn.

Skýrslan var til kynningar.

b. Skólapúlsinn

Fyrir nemendur í 6.-10. Bekk. Foreldrar svara út frá einu barni. Nemendakönnun kom vel út miðað við hvað skóli var búinn að gera ráð fyrir vegna covid.



FRÆDSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Mismunur í svörum fer aldrei yfir 1 á milli ára nema í sambandi við hreyfingu. Eineltispátturinn ber ekki saman, kemur betur út í ár en í fyrra hjá nemendum en ekki hjá foreldrum.

Foreldrakönnun kemur líka vel út, ánægja foreldra hefur aukist. Ánægja af stjórnun skólans fer upp á milli ára. Svipaðar tölur varðandi breytingar. Ánægja með aðstöðu í skólanum, og aukning í þeim sem nýta þjónustuna.

Starfmannakönnun – nemendur eyða minni tíma í heimanám, minni áhersla á námsmat með prófum hjá kennurum kemur út sem neikvætt hjá skólapúlsi, en annað kemur betur út en í fyrra.

c. Skóladagatal 2021-2022

Breyting á skóladagatali lagt fyrir miðað við undanfarin ár. Verður farið aftur í 180 daga úr 175 að ákvörðun skólaráðs. 8 starfsdagar kennara fyrir og eftir skólaár og 5 á skólaárinu. 2 dagar að hausti og einn í febrúar í vetrarfrí. Skólaslit tvöfaldur dagur í stað starfsdags. Barnamenningarhátíð í október gæti haft áhrif á Reykjaskólaferð og valgreinahelgi, en að öðru leyti er skóladagatalið svipað og fyrri ár.

Skóladagatal samþykkt af fræðslunefnd.

3. Leikskóli

a. Skýrsla leikskólastjóra

Leikskólastjóri var fjarverandi, Sesselja Guðmundsdóttir flutti skýrslu um skólastarfið og fór yfir tölulegar upplýsingar, starfsmannahald, samstarf heimila og skóla, ytri umbúnað og fagstarf. Starfið litast af miklu leyti af Covid og því ekki eins mikið um fasta viðburði sem áður hafa verið og margt sem þurfti að breyta. Skýrslan var til kynningar.

b. Innra mat

Niðurstöður foreldrakönnunar Barnabóls.

c. Símenntunaráætlun

Farið yfir nám starfsmanna.

d. Fundargerð foreldraráðs

e. Skóladagatal 2020-2021

Breytingar. Starfsdagur síðasta dag fyrir sumarfrí og börnin byrja á hádegi eftir sumarleyfi. 2 starfsdagar í haust vegna haustþings, 2 starfsdagar á milli jóla og nýárs og einn í apríl.



FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Skóladagatal var samþykkt

4. Bréf

a. Trausti Ólafsson –

Fyrir fundinn lá erindi frá Trausta Ólafssyni, dagsett 05.02.21. Lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál

Starfssvið og hlutverk fræðslunefndar rætt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30

Péturína L. Jakobsdóttir
Péturína L. Jakobsdóttir

Hafdís Ásgeirsdóttir
Hafdís Ásgeirsdóttir

Þórunn Valdís Rúnarsdóttir
Þórunn Valdís Rúnarsdóttir

Sara Dilljá Hjálmarsson
Sara Dilljá Hjálmarsson

Erna Berglind Hreinsdóttir
Erna Berglind Hreinsdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir
Sesselja Guðmundsdóttir

Þórdís Hauksdóttir

Inga Rós Sævarsdóttir
Inga Rós Sævarsdóttir

Kolbrún A. Guðnadóttir
Kolbrún A. Guðnadóttir

Guðrún Elsa Helgadóttir
Guðrún Elsa Helgadóttir

Guðni Már Lýðsson
Guðni Már Lýðsson

Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

ALEXANDRA JÓHANNESDÓTTIR
Alexandra Jóhannesdóttir